


- LÖGREGLU -

# MAÐURINN

1. tbl. - 2012

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
1. tölublað - 28. árgangur 2012 - 73. blað






**Ritstjóri:**
**Steinar Adolfsson**



**Ábyrgðarmaður:**
**Snorri Magnússon**
**formaður LL**



**Starfsmenn LL:**

**Guðlaug Hreinsdóttir**
**skrifstofustjóri**



**Stefanía Vigfúsdóttir**
**sérfræðingur**

**Prófförk:**
**Atli Steinn Guðmundsson**

**Forsíðumynd:**
**Júlíus Sigurjónsson**

**Teikning á bls. 2:**
**Logi Jes Kristjánsson**

**Lögreglumaðurinn**
**er gefinn út af Landssambandi**
**lögreglumanna**

**Netfang ll@bsrb.is**

**www.logreglumenn.is**

## Efnisyfirlit...







Skoðanakönnun 4

Kynning á stjórn LL 10

Endurbætur í Munaðarnesi 20

Ljósmyndaáhugi lögreglumanna 24

Efling trúnaðarmannakerfis LL 31

Landsmót lögreglumanna 35

# Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# *Formannshornið*

# 1984

*Árið 1949 kom út í Bretlandi skáldsagan „1984" eftir George Orwell en í bókinni var lýst framtíðarþjóðfélagi þar sem „Stóri Bróðir" (Ríkið) fylgdist með öllu og öllum. Bókin olli, eðlilega, umróti og umtali og hefur gert allt til dagsins í dag enda í henni fjallað um efni sem öllu venjulegu fólki finnst frekar óviðfelldið. Það er þó sennilega þannig ástandið, og því miður, í einhverjum ríkjum heimsins að hið opinbera fylgist með þegnum sínum umfram það sem „eðlilegt" gæti talist.*



*Talsverð umræða hefur orðið hér á landi á undanförnum mánuðum um auknar rannsóknarheimildir lögreglu, svokallaðar forvirkar rannsóknarheimildir. Hér verður hinsvegar að skilja vel á milli, annarsvegar eftirliti stjórnvalda hverju sinni með þegnum sínum og hinsvegar eftirliti lögreglu með brotamönnum. Með forvirkum rannsóknarheimildum er verið að fjalla um auknar heimildir til handa lögreglu til að hún geti á fullnægjandi hátt uppfyllt skyldur sínar sbr. a, b og c liði, 2. tl., 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Á þessu tvennu er reginmunur! Lögreglan hefur kallað eftir þessum forvirku rannsóknarheimildum um áraraðir en fyrir því hefur ekki verið pólitískur vilji né þor. Á sama tíma hefur lögreglan kallað eftir auknu eftirliti stjórnvalda með starfsemi sinni í hvívetna og þ.m.t. forvirkum rannsóknarheimildum, fengjust þær á annað borð. Hér hefur lögreglan bent á að Alþingi gæti eða ætti að hafa þetta eftirlit með höndum með sérstakri þingnefnd. Lögreglan hefur ekki verið að kalla eftir neinu umfram það sem lögregluliðin á hinum Norðurlöndunum hafa yfir að ráða til að rækja starfa sinn. Það vill segja að lögreglan hefur einungis verið að fara fram á það við löggjafarvaldið að það tryggi að lögreglan geti rækt skyldur sínar eins og henni er uppálagt samkvæmt lögreglulögum og öðrum lögum og reglugerðum sem kveða á um skyldur lögreglunnar til ýmissa verka. Það teldist undarlegt verklag að fela einhverjum það verkefni að byggja fyrir sig hús og fá viðkomandi ekkert í hendurnar til verksins, hvorki lóð, teikningar né annað. Löggjafarvaldið er ekki og hefur ekki verið að sinna skyldum sínum í þessum efnum um langa hríð!*

*Í helgarútgáfu DV 23. – 25. september 2011 var ítarlegt viðtal við Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjón hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sem senn lætur af störfum eftir áratuga starf í lögreglunni. Annað langt og ítarlegt viðtal við Geir Jón birtist svo í vikublaðinu Reykjavík 14. apríl s.l. Í viðtalinu segir Geir Jón m.a. orðrétt er kemur að heimildum lögreglu:*

*„Menn segja eitt og framkvæma svo annað, þetta gengur ekki upp með þessum hætti. Síðan er það hitt, að lögreglan þurfi, árið 2012, að berjast fyrir því að hafa nægar heimildir til að upplýsa og vinna í málum sem eru grafalvarleg. Heimildir sem þótt hafa sjálfsagðar í öllum nágrannalöndum okkar í áratugi."*

*Og áfram heldur Geir Jón:*

*„Af hverju megum við þá ekki vera með sömu tækin og tólin í höndunum til að hjálpa okkur áður en málin verða stór og alvarleg? Það er það sem þetta snýst um, að geta gripið inn í áður en búið er að skaða fjölda manns."*

*Er kemur að rekstrarumhverfi lögreglunnar hefur Geir Jón þetta að segja:*

*„En það sem gerði útslagið er að mér líkar illa þessi mikli niðurskurður hjá lögreglunni og ég bara get ekki tekið þátt í honum lengur. Þeir geta þá sparað eina stöðu á toppnum og ráðið frekar á götuna. Það er illa komið í dag og ég get eiginlega ekki tekið þátt í þessu lengur. Ég treysti mér ekki til að stjórna og stýra mannskap þar sem þarf að fækka sífellt í liðinu sem vinnur þessi erfiðu störf. Ég þekki þetta mjög vel og veit hvað þarf til að við getum unnið þetta sómasamlega. Og það er bara ekki þannig í dag, liðið er alltof fáliðað."*

*Geir Jón er ekki þarna bara að vísa til ástandsins á höfuðborgarsvæðinu enda tekur hann sérstaklega fram ástandið sem orðið er í Vestmannaeyjum í kjölfar þess að sólarhringsvaktir lögreglu voru aflagðar þar:*

*„Öryggi Vestmannaeyinga er ógnað með þessum hætti, það er augljóst."*

*Þetta ástand sem Geir Jón er þarna að vísa til með Vestmannaeyjar er alls ekki bundið við þann stað einan á landinu. Þannig hafa t.d., nú nýverið, verið aflagðar sólarhringsvaktir lögreglu á Akranesi. Lögreglustöðinni á Seyðisfirði hefur verið lokað og breytt í vínbúð. Formleg löggæsla og viðvera lögreglu aflögð í Bolungarvík, Ólafsfirði og víðar.*

*Geir Jón fer einnig inn á aðild Íslands að Schengen samstarfinu, í viðtalinu við Reykjavík, með þessu orðum:*

*„Ég vil að þetta verði endurskoðað, þetta er stórt atriði og skiptir afar miklu máli. Það er ekki spurning að það verður að fara í að skoða þessi mál."*

*Á allt ofangreint hefur LL verið að reyna að benda stjórnvöldum undanfarin ár en því miður án mikils sjáanlegs árangurs. Það er þó núna fyrst sem stjórnvöld hafa opnað augu sín fyrir því að sennilega þarf að fara í þá vinnu að skilgreina hlutverk lögreglu í landinu þ.a. hægt verði, af einhverju viti, að tryggja rekstrarumhverfi þessarar grunnstoðar samfélagsins.*

***Snorri Magnússon formaður LL***



# Skoðanakönnun

## - á meðal starfandi lögreglumanna um vopnaburð o.fl.

*Tilgangur þessarar skoðanakönnunar var að ná fram upplýsingum um viðhorf lögreglumanna til vopnaburðar og um leið að kanna hvort og þá að hvaða marki munur væri á öryggisbúnaði og öðrum öryggisþáttum á meðal lögreglumanna eftir því hvar á landinu þeir störfuðu.*

**Dagana 30. janúar til 7. febrúar 2012 stóð Landssamband lögreglumanna (LL) fyrir skoðanakönnun á meðal starfandi lögreglumanna. Þar var leitað eftir viðhorfi lögreglumanna til vopnaburðar, öryggisbúnaðar og aðgengi að honum. Könnunin fór fram á netinu og með notkun forritsins LimeSuvey, en LL hefur gert samning við fyrirtækið AP Media um aðgang að forritinu til eins árs.**

Með samningnum gefst LL tækifæri til þess að afla upplýsinga og viðhorfa hjá félagsmönnum á fljótan og öruggan hátt um hver þau mál sem brýnt að er fá niðurstöðu um, í þeim tilgangi að nýta í umræðunni og í samskiptum okkar við ríkisvaldið.

Tilgangur þessarar skoðanakönnunar var að ná fram upplýsingum um viðhorf lögreglumanna til vopnaburðar og um leið að kanna hvort og þá að hvaða marki munur væri á öryggisbúnaði og öðrum öryggisþáttum á meðal lögreglumanna eftir því hvar á landinu þeir störfuðu. Talsverð umræða hafði átt sér stað í fjölmiðlum um vopnaburð og öryggi lögreglumanna og þeim jafnvel verið gerðar upp skoðanir. Stjórn LL þótti því full þörf á að fá úr því skorið hver reynsla og viðhorf okkar félagsmanna væru, sem ráðamenn gætu þá nýtt sér í mati á öryggi og starfsháttum lögreglunnar í landinu og við ákvörðunartöku um breytingar, ef þörf þætti. Ótækt er að ákvarðanir séu teknar af aðilum sem eru of fjarri hinni raunverulegu atburðarrás og þekkja ekki til aðstæðna sem upp á kunni að koma.

Könnunin var þríþætt. Fyrsti hlutinn tók til persónulegra þátta til úrvinnslu og greiningar, s.s. vegna líf- og starfsaldurs, hvort þátttakendur væru að meginhluta inni- eða útivinnandi, eftir landshlutum o.s.frv. Annar hluti tók til aðgengis að öryggis- og varnarbúnaði og að reynslu manna með hann. Þriðji hlutinn snéri að viðhorfum lögreglumanna til vopnaburðar lögreglu og þarfa til breytinga þar á. Framkvæmd með könnuninni var í höndum framkvæmdastjórnar LL, með dyggri aðstoð Tjörfa Einarssonar, lögreglumanns og meistaranema við Háskóla Íslands og Guðmundar Fylkissonar, aðalvarðstjóra og stjórnarmanns LL.

Öllum starfandi lögreglumönnum, með þekkt tölvupóstfang, var boðin þátttaka í könnuninni, eða 674 einstaklingum. Einhverjir hnökrar voru á því að öllum bærist boðið og eru viðkomandi beðnir afsökunar á því. Þetta atriði sýnir hinsvegar hversu brýnt er að lögreglumenn, tryggi að LL sé jafnan með réttar upplýsingar í höndunum, s.s. tölvupóst, heimilisfang o.s.frv. Alls tóku 438 þátt í könnuninni og eru þeim færðar þakkir fyrir. Þátttaka var því 65%.

Einstaka þættir könnunarinnar varða innra öryggi lögreglunnar og verða því ekki birtar hér, en ræddir á samráðsvettvangi LL, lögreglustjóra og innanríkisráðuneytis.

### *Orð eru til alls fyrst.*

Hvort undangengin umræða hafi litað niðurstöður könnunarinnar verða aðrir að meta en ákveðnir þættir hennar eru afgerandi og bera ef til vill harðari undirheimum og aukinni hörku merki. Þannig vilja 84% þátttakenda að lögreglan eigi að fá heimild til að taka upp Tazer valdbeitingartæki. Fáist slík heimild eru einungis 3,5% þátttakenda á þeirri skoðun að

aalborgportland
BLUE LAGOON
ICELAND
AKUREYRI
P
BÍLASTÆÐASJÓÐUR

einungis sérsveit ríkislögreglustjóra eigi að hafa aðgang að þeim. Um þetta og aðrar niðurstöður er fjallað nánar síðar í greininni.

Víða er pottur brotinn er lýtur að því hvaða öryggisbúnað lögreglumenn fá úthlutað. Ástandið er einna verst á Suðurlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi hvað varðar varnar- og búnaðarvesti (skot- og stunguvesti). Öryggishönskum (hnífahönskum) virðist almennt ekki úthlutað til lögreglumanna, að Vestfjörðum undanskyldum. Víða hafa lögreglumenn keypt sér slíka hanska á eigin kostnað. LL telur að áðurnefndur búnaður eigi að vera staðalbúnaður og innkaup á ábyrgð ríkislögreglustjóra. Hafa ber í huga að einstaka embætti hafa gert bragarbót á og pantað slíkan búnað fyrir sína starfsmenn.

Of algengt er á landsbyggðinni að lögreglumenn séu einir að störfum. Þar getur verið löng bið eftir brýnni aðstoð (back-up), en svo dæmi séu tekin þá er á Vestfjörðum í yfir 69% tilfella lengri en 40 mínútna bið eftir aðstoð og á Austurlandi er biðin í 61% tilfella á milli 15 og 30 mínútur og í 22% tilfella lengri en 45 mínútur. Þetta er enginn nýr sannleikur, en mikið áhyggjuefni eigi að síður.

Ef litið er til fyrirhugaðra breytinga á skipulagi lögreglunnar, með sameiningu og þar með fækkun á lögregluembættum, er ljóst að horfa verður til þátta sem varða starfsaðbúnað og öryggi lögreglumanna. Það er með öllu óásættanlegt að lögreglumenn séu einir við störf og eðlileg krafa að því verði breytt. Eins þarf að huga að því að auka ekki á fjarlægðir sem fara þarf vegna útkalla eins og á horfir miðað við núverandi áform innanríkisráðherra.

### *Öryggis- og búnaðarmál.*

Hér eru helstu niðurstöður þeirra spurninga sem varða öryggis- og búnaðarmál. Sem fyrr segir verða einstaka spurningar sem snéru að innra öryggi lögreglunnar ekki kynntar hér.

### *Sp. 1.*
### *Að hve miklu leyti vinnur þú ein/einn við verkefni úti á vettvangi?*

Vegna dreifðar byggðar hér á landi og oft mikilla fjarlægða á milli þéttbýliskjarna hafa starfsstöðvar lögreglunnar víða á landsbyggðinni verið með þeim hætti að einungis einn lögreglumaður er að störfum hverju sinni og þjónar þá jafnvel mjög víðfemu svæði og stundum torsóttu. Tilgangur fyrstu tveggja spurninganna var að fá skýra heildarmynd af þessu og hvort breytinga sé þörf.

| | Að mestu leyti ein/n | Oft ein/n | Stundum ein/n | Sjaldan ein/n | Aldrei ein/n |
|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsv. | 12,9% | 12,2% | 22,7% | 34,9% | 17,3% |
| Suðurnes | 5,5% | 14,5% | 36,4% | 40,0% | 3,6% |
| Vesturland | 25,0% | 25,0% | 35,0% | 15,0% | ,0% |
| Vestfirðir | 23,1% | ,0% | 38,5% | 30,8% | 7,7% |
| Norðurland | 12,8% | 25,6% | 38,5% | 23,1% | ,0% |
| Austurland | 38,9% | 44,4% | 5,6% | 5,6% | 5,6% |
| Suðurland | 7,9% | 52,6% | 28,9% | 10,5% | ,0% |
| **Samtals** | **13,5%** | **18,7%** | **26,7%** | **30,1%** | **11,0%** |

*Tafla1.*

Hér vekur athygli lágt hlutfall lögreglumanna af suðvesturhorninu sem eru einir við störf, á meðan landsbyggðarlögreglumenn og þá sér í lagi á Austurlandi starfa einir.

Sem fyrr segir er það áhyggjuefni stjórnar LL hversu margir lögreglumenn á landsbyggðinni starfa einir og sé tillit tekið til svara við næstu spurningu er ljóst að þessi staða er óásættanleg.

### *Sp. 2.*
### *Ef þú þarft á brýnni aðstoð að halda á vettvangi (back-up), hve langt er að jafnaði í hana í mínútum talið?*

Störf lögreglunnar geta á tímum verið váleg og við slíkar aðstæður er brýnt að hjálp berist hið fyrsta. Þá gerir almenningur þá kröfu til lögreglunnar að hún taki á þeim málum sem hún er kvödd til að sinna og fyrir fámennt og dreift lögreglulið getur það verið vandkvæðum bundið. Mannslíf geta verið í hættu og tíminn skiptir máli.

*Tafla 2.*

Rauðlitar tölur vísa á niðurstöður sem vert er að skoða nánar með hliðsjón af eðlilegum tíma í næstu aðstoð.

Landsbyggðin sker sig úr hvað varðar þann tíma sem bíða þarf eftir aðstoð. Skýringar er að einhverju leyti að finna í miklum fjarlægðum á milli byggðakjarna og færðar á vegum. Hins vegar verður ekki litið framhjá þeirri staðreynd hversu oft lögreglumenn eru einir að störfum og þörfinni á að bæta þar úr.

| | 1 - 5 | 5 - 10 | 10 - 15 | 15 - 20 | 20 - 25 | 25 - 30 | 30 - 35 | 35 - 40 | 40 - 45 | 45 - 60 | Meira en 60 mínútur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 35,7% | 45,1% | 13,7% | 3,1% | ,8% | ,8% | ,0% | ,0% | ,0% | ,4% | ,4% |
| Suðurnes | 41,8% | 40,0% | 10,9% | 5,5% | 1,8% | ,0% | ,0% | ,0% | ,0% | ,0% | ,0% |
| Vesturland | ,0% | 10,0% | 15,0% | 10,0% | 50,0% | ,0% | 5,0% | 5,0% | ,0% | ,0% | 5,0% |
| Vestfirðir | ,0% | ,0% | 7,7% | ,0% | 15,4% | 7,7% | ,0% | ,0% | 15,4% | 15,4% | 38,5% |
| Norðurland | 15,4% | 33,3% | 2,6% | 10,3% | 17,9% | 10,3% | 2,6% | 5,1% | ,0% | 2,6% | ,0% |
| Austurland | ,0% | 11,1% | 5,6% | 22,2% | 11,1% | 27,8% | ,0% | ,0% | ,0% | 5,6% | 16,7% |
| Suðurland | ,0% | 18,4% | 15,8% | 18,4% | 10,5% | 13,2% | 5,3% | 5,3% | 5,3% | 5,3% | 2,6% |
| **Samtals** | **27,4%** | **36,8%** | **12,1%** | **6,4%** | **6,4%** | **3,9%** | **,9%** | **1,1%** | **,9%** | **1,6%** | **2,5%** |

IH
ICELANDAIR HOTELS
Alþýðusamband Íslands
BÓNUS
112
EINN EINN TVEIR



### *Sp. 3.*
### *Hefur þú fengið úthlutað hnífahönskum eða annarskonar styrktum hönskum?*

Með aukinni hörku brotamanna og sér í lagi fíkniefnaneytanda, sem geta verið smitaðir HIV eða lifrarbólgu C, hafa lögreglumenn orðið meðvitaðri um öryggi sitt og hvernig þeir geti varist smiti og áverkum af völdum sprautunála eða hnífa, en beiting þeirra hefur færst í aukana í átökum við lögreglumenn.

Hnífahönskum hefur almennt ekki verið úthlutað til lögreglumanna, að lögreglunni á Vestfjörðum undanskyldri, en þar hafa 61,5% lögreglumanna fengið slíka hanska til notkunar og 22% lögreglumanna á Vesturlandi, en annarstaðar mun minna. Þá hefur LL borist upplýsingar um að önnur embætti hafi pantað slíka hanska, t.d. lögreglan á Suðurnesjum.

### *Sp. 4.*
### *Hefur þú fengið úthlutað persónulegu varnar- og búnaðarvesti?*

Varnar- og búnaðarvesti eiga að verja lögreglumenn gegn áverkum og eiga að vera bæði skot- og stunguheld, samkvæmt reglum ríkislögreglustjóra frá árinu 2010. Þau eru tiltölulega ný og kærkomin viðbót við öryggisbúnað lögreglumanna, en sá er hængurinn á að allir lögreglumenn hafa ekki fengið slíkum búnaði úthlutað. Stefna verður að því að vestin og hnífahanskar séu hluti staðalbúnaðar lögreglu.

| | Já | Nei |
|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 53,8% | 46,2% |
| Suðurnes | 58,2% | 41,8% |
| Vesturland | 30,0% | 70,0% |
| Vestfirðir | 7,7% | 92,3% |
| Norðurland | 10,5% | 89,5% |
| Austurland | 94,4% | 5,6% |
| Suðurland | ,0% | 100,0% |
| **Samtals** | **45,1%** | **54,9%** |

*Tafla 3.*

Svör við sp. 4. Talsverð misskipting er á milli landsvæða.

Staðan er eitthvað betri varðandi úthlutun varnar- og búnaðarvesta en hnífahanskanna, en ósamræmis gætir þó um gæði og útlit. Þannig virðist staðan á Austurlandi ágæt en aftur afar slæm á Suðurlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi. Einungis hluti lögreglumanna á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi hafi fengið úthlutað vestum og er með öllu óásættanlegt að lögreglumenn sem starfa hlið við hlið séu misbúnir til verksins hvað starfsöryggi varðar. Aftur ber að benda á að viss embætti eru með málið í réttum ferli s.s. á Suðurnesjum.

### *Sp. 5.*
### *Hefur þig einhverntíman þótt þig skorta öryggis- eða varnarbúnað við störf eða verkefni?*

| | Mjög oft | Oft | Sjaldan | Mjög sjaldan | Aldrei |
|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 6,5% | 26,8% | 41,5% | 13,4% | 11,8% |
| Suðurnes | 3,7% | 14,8% | 35,2% | 20,4% | 25,9% |
| Vesturland | ,0% | 20,0% | 45,0% | 20,0% | 15,0% |
| Vestfirðir | ,0% | 15,4% | 23,1% | 46,2% | 15,4% |
| Norðurland | 2,6% | 7,9% | 57,9% | 23,7% | 7,9% |
| Austurland | ,0% | 11,1% | 38,9% | 38,9% | 11,1% |
| Suðurland | 5,6% | 19,4% | 41,7% | 22,2% | 11,1% |
| **Samtals** | **4,9%** | **21,6%** | **41,6%** | **18,4%** | **13,4%** |

*Tafla 4.*

Sjá hér lágt hlutfall á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum.

Það að lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu hafi upplifað það í meira mæli en aðrir að hafa oft og mjög oft (33,3%) og á Suðurlandi (25%) þótt skorta öryggis- eða varnarbúnað, vekur upp spurningar um ástæður þessa. Á Suðurlandi eru lögreglumenn almennt ekki með varnarvesti, sem eru þó til staðar hjá tæplega 54% lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu. Eins þykir vert að benda á að á Suðurnesjum hafa tæp 30% lögreglumanna aldrei þótt skorta öryggis- eða varnarbúnað við störf, sem er umtalsvert hærra hlutfall en annarstaðar á landinu.

### *Sp. 6.*
### *Í þeim tilfellum sem þér þótti þig skorta öryggis og eða varnarbúnað, varð það til þess að þér þótti lífi þínu ógnað?*

| N=368 | Alvarlega ógnað | Mjög ógnað | Fann til ógnunar | Fann ekki til ógnunar |
|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 9,2% | 14,7% | 60,4% | 15,7% |
| Suðurnes | 2,5% | 12,5% | 62,5% | 22,5% |
| Vesturland | 5,9% | 23,5% | 52,9% | 17,6% |
| Vestfirðir | ,0% | 9,1% | 54,5% | 36,4% |
| Norðurland | ,0% | 8,6% | 62,9% | 28,6% |
| Austurland | 18,8% | 12,5% | 56,3% | 12,5% |
| Suðurland | 6,3% | 9,4% | 71,9% | 12,5% |
| **Samtals** | **7,3%** | **13,6%** | **61,1%** | **17,9%** |

*Tafla 5.*

Sjá hér lágt hlutfall á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum.

Hér vekur athygli hátt hlutfall lögreglumanna á Austurlandi (31,3%) og á Vesturlandi (29,4%) sem þótti lífi sínu mjög og alvarlega ógnað. Lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu fylgja á eftir með 23,9%.

Í hliðarspurningu, með fjölvals svarmöguleikum, var leitað eftir því hvaða búnað lögreglumönnum helst þótti vanta og var svörun nátengd úthlutun á varnar- og búnaðarvestum, þar sem 80% Sunnlendinga, 75% Norðlendinga, um 55% Vestfirðinga og Vestlendinga, á móts við 23% annarstaðar frá, töldu sig hafa vantað þau. Fleiri lögreglumenn töldu að Tazer valdbeitingartæki hefði hentað þeim, eða 65% lögreglumanna.



### *Sp. 7.*
### *Ert þú sátt/sáttur við þann öryggisbúnað sem þú hefur fengið persónulega úthlutað?*

| | Mjög sátt/sáttur | Frekar sátt/sáttur | Hvorki sátt/sáttur né ósátt/ósáttur | Frekar ósátt/ósáttur | Mjög ósátt/ósáttur |
|---|---|---|---|---|---|
| Höfuðborgarsvæðið | 10,7% | 41,4% | 29,5% | 13,5% | 4,9% |
| Suðurnes | 24,1% | 50,0% | 16,7% | 9,3% | ,0% |
| Vesturland | 10,5% | 42,1% | 31,6% | 15,8% | ,0% |
| Vestfirðir | ,0% | 61,5% | 23,1% | 7,7% | 7,7% |
| Norðurland | 2,7% | 59,5% | 24,3% | 13,5% | ,0% |
| Austurland | 44,4% | 50,0% | 5,6% | 0% | ,0% |
| Suðurland | 2,8% | 41,7% | 25,0% | 16,7% | 13,9% |
| **Samtals** | **12,1%** | **45,1%** | **25,9%** | **12,6%** | **4,3%** |

### *Tafla 6.*

Hér skarar Austurland fram úr, þar sem 94,4% þátttakenda eru mjög eða frekar sáttir og enginn ósáttur.

Suðurnesin fylgja á eftir með 74,1% sátta þátttakendur en minnst er ánægjan á Suðurlandi með 44,5% sátta lögreglumenn. Þegar leitað var til hinna ósáttu um hvað ylli óánægjunni töldu þeir að lægra verð á búnaði réði för frekar en gæði hans, að búnaður væri ekki góður í meðförum og gæði hans léleg.

### *Sp. 8.*
### *Hefur þú að eigin frumkvæði fjárfest í öryggisbúnaði fyrir sjálfa/n þig til að nota við störf þín?*

39% lögreglumanna höfðu að eigin frumkvæði keypt öryggisbúnað fyrir sig. Helst var um að ræða stunguhanska/hnífahanska eða í 138 tilfellum, betri skófatnað í 56 tilfellum, tækjabelti í 30 tilfellum og vasaljós í 22 tilfellum. Önnur tilfelli tóku til bifhjólabrynju og hanska, öryggisgleraugna, handjárnalykla og stunguvesta, svo dæmi séu tekin. Um ástæður þess að lögreglumenn kaupi sér sjálfir búnað má ætla vera þær sem tíundaðar voru í svari hér að framan.

### *Viðhorf til vopnaburðar.*

G. Jökull Gíslason ritaði ágæta grein í 3. tbl. Lögreglumannsins 2011 um skotvopnanotkun lögreglunnar á Íslandi og velti þar m.a. upp þörfinni á að breyta aðgengi lögreglumanna að vopnum. Hann benti líka á takmarkanir sérsveitar ríksislögreglustjóra til aðstoðar víða á landsbyggðinni, sökum fjarlægða og tíma sem til þarf að komast á staðinn. Auk þess væri ljóst að þau tilfelli gætu komið upp að viðbragða væri þörf nánast samstundis og ekki svigrúm til biðar eftir sérsveitinni.

Lögreglumenn hafa ekki farið varhluta af þessari umræðu og því þótti LL við hæfi að leita eftir viðhorfum þeirra til eftirfarandi fullyrðinga.

### *Viðhorfsp. 1.*
### *Lögreglumenn hljóta viðunandi þjálfun með skotvopn til að geta beitt þeim ef nauðsyn ber til.*

Spurt var að því hvort skotvopnaþjálfun lögreglumanna væri nægjanleg og samkvæmt niðurstöðunni er ljóst að bæta þarf úr henni óháð frá því

hvort lögreglumenn gangi almennt með skotvopn eða ekki. Ljóst er að ef til notkunnar slíkra vopna kæmi telja lögreglumenn sig almennt ekki nægjanlega vel þjálfaða, eðli vopnanna sé að valda skaða og í höndum vanþjálfaðra lögreglumanna geti verið betra heima setið en af stað farið. Á landsbyggðinni getur bið eftir aðstoð sérsveitar ríkislögreglustjóra verið umtalsverð og þess dæmi, t.d. á Vestfjörðum að almennir lögreglumenn voru í meiri hættu en þurfa þætti, hefði bæði þjálfun og aðgengi þeirra að skotvopnum verið á annan og betri hátt en raun var á.

| Að mestu leyti sammála | Að dálitlu leyti sammála | Hvorki sammála né ósammála | Að dálitlu leyti ósammála | Að mestu leyti ósammála |
|---|---|---|---|---|
| 10,5% | 12,2% | 10,0% | 19,3% | 48,0% |

*Tafla 8.*

Tæp 70% lögreglumanna telja að þjálfun með skotvopn sé með óviðunandi hætti í dag. Því má velta fyrir sér hvort einungis verklega þættinum sé ábótavant, eða hvort almennt þurfi að bæta kennslu og þjálfun í því að meta aðstæður og viðeigandi viðbrögð hverju sinni, til viðbótar auknum skotæfingum.

***Viðhorfsp. 2.***
***Skotvopn eiga að vera í læstum hirslum í lögreglubifreiðum en aðgengileg fyrir lögreglumenn með heimild yfirmanns.***

Spurningin er til kominn vegna umræðu innan lögreglunnar um hvort almennt ætti að innleiða „norsku leiðina“, en líkt og á Íslandi gengur norska lögreglan ekki um vopnuð, en vopn þó geymd í læstum hirslum í lögreglubílum og notkun þeirra einungis heimiluð í samræmi við fyrirmæli yfirmanns hverju sinni. Heimild íslenskrar lögreglu til að vopnast er skýr en e.t.v. er skortur á samhæfingu á milli embætta um vörslu og aðgengi að vopnum.

| Að mestu leyti sammála | Að dálitlu leyti sammála | Hvorki sammála né ósammála | Að dálitlu leyti ósammála | Að mestu leyti ósammála |
|---|---|---|---|---|
| 69,9% | 13,6% | 6,4% | 2,9% | 7,2% |





*Tafla 9.*

83,5% lögreglumanna er þessu sammála. Verði af breytingum í þessa átt er ljóst að auka þarf þjálfun lögreglumanna, líkt og þeir sjálfir benda á. Þörf er á frekari umræðu um þetta á æðstu stöðum innan lögreglunnar og í innanríkisráðuneytinu.

***Viðhorfsp. 3.***
***Lögreglan á að fá heimild til að taka upp Tazer valdbeitingartæki.***

Allnokkur umræða hefur verið um Tazer valdbeitingartæki og hvort heimila eigi lögreglu á Íslandi notkun þeirra. Sitt sýnist hverjum og gagnrýni hefur komið fram um hættu af völdum slíkra tækja. Sú umræða verður ekki rakin hér en bent á grein í Lögreglumanninum, 2. tbl. 2011 um niðurstöðu rannsóknar Rannsókna- og þróunarstofnunnar bandaríska dómsmálaráðuneytisins, þar sem fram kom að rétt notkun á Tazer sé jafn hættulítil eða hættuminni en aðrir valkostir við valdbeitingu, en hefur ótvíræða kosti við að fækka meiðslum bæði á lögreglumönnum og brotamönnum.

| Að mestu leyti sammála | Að dálitlu leyti sammála | Hvorki sammála né ósammála | Að dálitlu leyti ósammála | Að mestu leyti ósammála |
|---|---|---|---|---|
| 70,6% | 13,9% | 9,6% | 1,9% | 4,1% |

*Tafla 10.*

Hér tala lögreglumenn þess skýrum rómi að lögreglan eigi að fá að taka upp Tazer valdbeitingartæki, en 84,5% eru því sammála.




***Viðhorfsp. 4.***
***Ef sammála, hverjir ættu að hafa aðgang að Tazer?***

| Sérsveit ríkislögreglustjóra | Sérþjálfaðir lögreglumenn á vöktum og sérsveit ríkislögreglustjóra | Allir vaktgangandi lögreglumenn | Allir |
|---|---|---|---|
| 3,5% | 27,5% | 51,3% | 17,8% |




Það viðhorf er ofan á að sem flestir lögreglumenn hafi aðgang að Tazer. Fæstum, eða einungis 3,5% svarenda þykir nóg að sérsveitin hafi þennan aðgang og um helmingur vill að allir vaktgangandi lögreglumenn hafi hann. Rúmur fjórðungur vill að sérþjálfaðir lögreglumenn á vöktum, auk sérsveitarinnar komist í valdbeitingartæki, en tæp 18% vill að allir lögreglumenn hafi aðgang að þeim. Það er því ekki tilfinning lögreglumanna almennt að þeir eigi ekki að hafa aðgang að Tazer.

***Samantekt/niðurstaða.***

Niðurstaða þessarar skoðanakönnunar er staðfesting þeirrar tilfinningar framkvæmdastjórnar LL að víða væri pottur brotinn varðandi búnaðar- og öryggismál lögreglumanna víðs vegar á landinu og mismunun er í úthlutun á sjálfsögðum öryggisbúnaði, eftir því hvar á landinu þeir starfa. Þá eru niðurstöður viðhorfsþáttarins afgerandi og slíkar að ekki verður fram hjá þeim litið. Það að 83,5% lögreglumanna vilji fara norsku leiðina með aðgengi að skotvopnum og 84,5% vilji að lögreglan fái heimild til að bera Tazer valdbeitingartæki eru skýr merki um að við búum í breyttum og harðari heimi og við því verða lögregluyfirvöld að bregðast.

Áður en til þessa getur komið þarf að gjörbreyta þjálfun lögreglumanna. Ef til vill er það svo að þeir sem sjá um ákvörðunartöku hjá lögreglunni eru of fjarri atburðarrás lögreglustarfanna, en vonandi færa niðurstöður þessarar könnunar þeim skilning á eðli lögreglustarfsins, nauðsynlegan búnað til hans og hverjar þarfir lögreglumanna eru til að geta sinnt starfinu á öruggan hátt.

***Framkvæmdastjórn LL.***

## Baldur Ólafsson



- **Starfsreynsla í lögreglu:**
  18 mán í afleysingum hjá Lögreglunni á Keflavíkurflugvelli frá árinu 2001-2003. Starfsnám hjá LR sumarið 2004. Frá janúar 2005 hjá LR síðar LRH.

- **Núverandi staða í lögreglu(starfsstig):**
  Lögreglumaður, Almenn deild, LRH-Lögreglustöð 5 Vesturbær, Miðborg, Seltjarnarnes.

- **Reynsla í félagsmálum:**
  Ritari IPA Íslensk deild frá mars 2010, stjórnarmaður þar á undan frá árinu 2006.

- **Þínar áherslur sem stjórnarmaður í LL:**
  Þar sem þetta er mitt fyrsta skref í þessum málum þá mun ég leggja áherslu á að leggja mig fram af festu og ákveðni. Mínar áherslur munu skýrast þegar ég næ að kynnast starfinu betur en ég mun beita mér í tækjamálum lögreglu sem og öðrum kjaratengdum atriðum eins og þeir sem vinna að félagsmálum eiga að gera.

Ég vil sjá að lögreglumenn séu með sama búnað á landsvísu en ekki að það sé háð hverju embætti hvaða verkfæri eru til staðar og hvaða skot/hnífavesti séu á boðstólum. Þá hefur nám lögreglumanna verið til mikillar umræðu og álit margra að færa það upp á háskólastig. Ég hef séð fyrir mér að sérstaða starfsins í heild ætti að vera okkar vopn í kjarabaráttu en ekki einblína á að færa námið upp á háskólastig. Þetta þýðir samt ekki að ég sé á móti því að færa námið upp á háskólastig að hluta eða að öllu leyti þegar fram líða stundir.

## Einar Júlíusson

- **Starfsreynsla í lögreglu:**
  Hóf störf í lögreglunni í Keflavík árið 2000. Lauk námi frá Lögregluskóla ríkisins 2003. Lögreglan í Reykjavík 2004 og hef verið lögreglumaður hjá embætti Ríkislögreglustjóra síðan 2005.

- **Núverandi staða í lögreglu(starfsstig):**
  Lögreglumaður.

- **Reynsla í félagsmálum:**
  Hef setið í stjórn Landssambands lögreglumanna sl. 2 ár. Hef einnig setið í samninganefnd FÍA (félags íslenskra atvinnuflugmanna) vegna kjarasamninga við Flugskóla á íslandi.

- **Þínar áherslur sem stjórnarmaður í LL:**
  Eitt mikilvægasta málefnið sem nýkjörin stjórn stendur frammi fyrir er hækkun grunnlauna lögreglumanna og brjóta upp það kerfi að eina leiðin til að fá launahækkun sé stöðuveiting. Að loknum 15 árum í lögreglu eiga þeir sem ekki verða yfirmenn ekki möguleika á launahækkun og ég tel mjög brýnt að losa okkur úr þessu kerfi þannig að 15 ára hækkunin sé ekki sú síðasta, sérstaklega m.t.t. þess að fækka á lögreglumdæmum, yfirmannastöðum og þar með tækifærum lögreglumanna til stöðuveitinga. Í mínum huga gengur það ekki upp að lögreglumaður sem byrjar 20 ára í lögreglunni fái mögulega síðustu launahækkunina 35 ára gamall! Varðandi öryggismál lögreglumanna er margt sem þarf að gera til að koma þeim í viðunandi horf og má þar helst nefna öryggis- og varnarbúnað lögreglu sem og þá sorglegu staðreynd hversu undirmönnuð lögreglan er. Ég er einarður stuðningsmaður þess að lögreglumenn hafi aðgang að Tazer valdbeitingartækinu. Einnig er ég fylgjandi þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið af LL að koma lögregluskólanum á háskólastig og að inntökuskilyrði í lögregluskólann verði stúdentspróf eða sambærilegt nám.

Tapas
TOYOTA
Hópferðamiðstöðin TREX
Utanríkisráðuneytið

## Frímann Birgir Baldursson



- **Starfsreynsla í lögreglu:**
13 ár.

- **Núverandi staða í lögreglu(starfsstig):**
Rannsóknarlögreglumaður.

- **Reynsla í félagsmálum:**
- **Félagsstörf innan lögreglu:**
Trúnaðarmannanefnd LL 2006 til dagsins í dag. Ritari 28. og 29. þings LL. Stjórn LL frá árinu 2008. Framkvæmdastjórn LL frá árinu 2008. Samninganefnd/viðræðunefnd LL frá árinu 2008. Ýmiss nefndarstörf í þágu LL og lögreglumanna frá 2008. Trúnaðarmaður hjá Lögreglunni í Reykjavík og síðar LRH 2004 – 2007.
Stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur 2006 – 2007.
Varamaður í stjórn Lögreglufélags Suðurlands.
- **Félagsstörf utan LL:**
Í stjórn Landssambands stangveiðifélaga frá 2011.
Í stjórn Stangveiðifélags Selfoss og nágr. frá 2011.
Í stjórn Golfklúbbsins Geysis frá stofnun hans 2006. Í stjórn Golfklúbbs lögreglunnar í Reykjavík 2006 – 2011. Formaður Slysavarnardeildarinnar Drafnar 1992 – 1994. Stofnandi og stjórnarmaður í flugfélaginu Geirfugl ehf. 1997-2010.

- **Þínar áherslur sem stjórnarmaður í LL:**
Áherslur mínar sem stjórnarmaður í LL eru helstar á sviði mennta- og öryggismála. Ég tel að tilfærsla menntunar lögreglumanna á æðra stig séu eðlileg þróun miðað við stefnu annarra stétta á Íslandi og á Norðurlöndum og einn af stóru lyklunum í bættu launaumhverfi. Ég hef ásamt öðrum sem setið hafa í stjórn LL frá árinu 2008 barist hart fyrir breytingu á stefnu stjórnvalda í menntamálum lögreglumanna.
Það er mjög brýnt að mörkuð verði skýr og heildstæð stefna af hálfu ríkis í öryggismálum lögreglumanna á landsvísu, ekki bara í búnaðarmálum heldur einnig í málum er varða réttindi lögreglumanna þegar upp koma kærur vegna ætlaðra brota í starfi. Ég mun halda áfram að berjast fyrir bættu öryggi og réttaröryggi lögreglumanna.

## Guðmundur Fylkisson



- **Starfsreynsla í lögreglu:**
Útskrifaðist frá LSR 1991. Lögreglumaður á Ísafirði 1985-1987, 1989-1998, varðstjóri frá 1993. Starfaði með ávana og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík með seinni hluta lögregluskóla 1990-1991, daglega eftir skóla. Var síðan annar af tveimur fyrstu sumarafleysingamönnum deildarinnar 1991. Lögreglan á Selfossi sumarið 1994, sumarafleysingar. Lögreglan á Hólmavík sumarið 1997 og 1998, sumarafleysingar. Varðstjóri hjá lögreglunni í Reykjavík frá 1. júlí 1998, með tilkomu 5 vakta kerfis. Aðalvarðstjóri hjá ríkislögreglustjóra frá 6. júní 2000 til dagsins í dag, fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra. Starfaði á vegum íslensku friðargæslunnar í Bosníu frá janúar 2007 til apríl 2008 við uppbyggingu lögreglunnar þar í landi. Lögreglan á Egilsstöðum, sumarafleysingar sumarið 2011. Samningahópur sérsveitar með tveimur hléum frá 1999.

- **Núverandi staða í lögreglu(starfsstig):**
Aðalvarðstjóri.

- **Reynsla í félagsmálum:**
Stjórn nemendafélags LSR 1989-1991.
Stjórn Lögreglufélags Vestfjarða.
Stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur.
Stjórn Landssambands lögreglumanna frá 2008. Stjórnarmaður í Orðunefnd LL frá stofnun til 2008. Stjórnarmaður í STALL frá 2008. Kjörstjórn, Kjörbréfanefnd og Nefndanefnd LL um árabil. Ritstjóri Lögreglumannsins og Lögreglublaðsins 2000-2006.
Þing LL síðasta áratug og rúmlega það.

- **Þínar áherslur sem stjórnarmaður í LL:**
Breytingar í upplýsingaflæði frá LL með reglulegri notkun heimasíðu sambandsins. Hef tileinkað mér sjálfur slíkt síðustu 2 árin varðandi STALL og tel að þetta eigi að vera regla um aðra starfsemi sambandsins.
Breytingar á kjarasamningsbundnum sjóðum sambandsins, Sjúkrasjóður, STALL, Starfsþróunarsjóður. Þessir sjóðir voru sóttir með kjarasamningum til að vinna fyrir okkur en ekki til að safna peningum á bankareikningum. Það þarf að „markaðssetja“ þessa sjóði og samræma reglur þeirra er lúta að skilyrðum til úthlutunar. Hef þegar náð ákveðnum árangri með STALL.
Breytingar í aðferðarfræði er varða kjaraviðræður, þá í anda þess sem grunnskólakennarar hafa tileinkað sér. Hef þegar komið þeirri vinnu af stað og vonast til að næsta þing LL taki ákvörðun um þá aðferð.

## Gunnar Friðriksson



- **Starfsreynsla í lögreglu:**
  12 ár.
- **Núverandi staða í lögreglu(starfsstig):**
  Bifhjólalögreglumaður.
- **Þínar áherslur sem stjórnarmaður í LL:**
  Í nánustu framtíð má vænta mikilla breytinga í starfsumhverfi lögreglumanna. Vil ég að LL verði í forystu framþróunar í öryggis- og menntamálum. Við breytt starfsumhverfi þarf utanumhald um lögreglumenn að vera gott, allir getum við staðið fram fyrir því að þurfa sterkt bakland sem LL á að vera. Kjaramál okkar þurfa mikinn þunga þar sem við höfum dregist allt of langt aftur úr. Undirbúningur kjaraviðræðna og ítarleg skoðun á þeim möguleikum sem eru í stöðunni, hvort það er kjararáð, koma lögreglumenntun á háskólastig eða leggja áherslu á sérstöðu starfsins þurfum við að gera aðgerðaráætlun sem gerir ráð fyrir mismunandi breytum.

## Gylfi Þór Gíslason



- **Starfsreynsla í lögreglu:**
  Sumarafleysingar hjá lögreglunni á Ísafirði sumarið 1997, starfsnám hjá lögreglunni á Ísafirði 1998. Lögregluskóli ríkisins 1997-1999 Lögreglumaður hjá lögreglunni á Ísafirði 1999 – 2003. Lögregluvarðstjóri hjá lögreglunni í Bolungavík 2003-2006. Lögregluvarðstjóri hjá lögreglunni á Vestfjörðum frá 2007.
- **Núverandi staða í lögreglu(starfsstig):**
  Lögregluvarðstjóri.
- **Reynsla í félagsmálum:**
  Gjaldkeri Lögreglufélags Vestfjarða 2004-2007. Varaformaður Lögreglufélags Vestfjarða 2007-2009. Formaður Lögreglufélags Vestfjarða frá 2009. Í stjórn LL frá 2010.
- **Þínar áherslur sem stjórnarmaður í LL:**
  Ég hef lagt áherslu á það undanfarin tvö ár að virkja þurfi trúnaðarmannakerfið hjá lögreglumönnum. Unnið hefur verið að því undanfarin misseri að kanna stöðu kerfisins og vil ég fylgja því eftir.

Ég vil sjá lögregluskólann á háskólastigi.
Ég vil að lögreglumenn fái verkfallsrétt að nýju, okkur var lofað því í fyrra en það er ekki í hendi og vil ég fylgja því eftir á komandi kjörtímabili. Síðasta kjörtímabil var mitt fyrsta í stjórn LL, þar sá ég eins og mörg okkar að betur má ef duga skal varðandi kjaraviðræður hjá LL. Ég vil sjá breytingar í þeim efnum strax í upphafi næsta kjörtímabils.

Landsvirkjun
BORGUN
ALÞJÓÐLEG VIÐSKIPTI
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

## Hjálmar Hallgrímsson



- **Starfsreynsla í lögreglu:**
  Hef starfað í lögreglu frá árinu 1986.
- **Núverandi staða í lögreglu(starfsstig):**
  Lögreglumaður í almennri deild.
- **Reynsla í félagsmálum:**
  Sat í Stjórn Lögreglufélags Gullbringusýslu frá 2002 til 2007 og síðan setið í stjórn LS, nú sem varamaður.
- **Þínar áherslur sem stjórnarmaður í LL:**
  Bæta kjaralega stöðu lögreglumanna. Tel fatamálin í ólestri og einnig kjaralegt umhverfi óeirðasveita.

## Magnús Jónasson



- **Starfsreynsla í lögreglu:**
  5 ár frá útskrift. Eitt ár í afleysingu fyrir skóla.
- **Núverandi staða í lögreglu(starfsstig):**
  Lögreglumaður.
- **Reynsla í félagsmálum:**
  Stjórn LL 2010-2012, 2012-.
  Stjórn LR, gjaldkeri, 2011-.
  Stjórn IPA 2012-2013.
